

rannsóknar, sem í 1. og 2. tölulið að framan greinir, og samkvæmt því, sem þar segir.

Miðvikudaginn 27. janúar 1937.

Nr. 2/1936. **Bæjarstjórn Ísafjarðar f. h. kaupstaðarins** (Stefán Jóh. Stefánsson)
 gegn
Bjarna Bjarnasyni
 (Garðar Þorsteinsson)

Undirmatsgerð lögð til grundvallar bótum fyrir lögnumda lóð, með því að yfirmatið fullnægði ekki ákvæðum 6. gr. laga nr. 61 frá 1917.

Dómur aukaréttar Ísafjarðar 23. nóvember 1935: Stefnda, bæjarstjórn Ísafjarðar f. h. Ísafjarðarkaupstaðar, greiði stefnanda, Óskari Borg f. h. Bjarna Bjarnasonar, kr. 820,00 með 5% ársvöxtum frá 1. september 1934 til greiðsludags og kr. 234,50 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi krefst sýknu af kröfum stefnda gegn því, að stefndi fái umráð yfir kr. 576,00 af innistæðu sparisjóðsbókar, er hljóði á nafn stefnda og áfrýjandi tjáist hafa lagt inn í kr. 820,00, er greiða skyldi stefnda samkvæmt undirmatinu. Svo krefst áfrýjandi málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Með því að fallast verður á þá skoðun héraðs-

dómarans, að yfirmat það, er í hinum áfrýjaða dómi greinir, fullnægi ekki ákvæðum 6. gr. laga nr. 61/1917, þykir þegar af þessari ástæðu mega staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðsluskyldu áfrýjanda fyrir hina lögnumdu lóð.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda samtals 400 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, bæjarstjórn Ísafjarðar fyrir hönd kaupstaðarins, greiði stefnda, Bjarna Bjarnasyni, kr. 820,00 með 5% ársvöxtum frá 1. sept. 1934 til greiðsludags og samtals 400 krónur í málskostnað í héraði og fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir aukarétti Ísafjarðar, að undangenginni árangurslausri sáttatilraun, af Óskari Borg, cand. juris á Ísafirði, f. h. Bjarna Bjarnasonar ökumanns á Ísafirði, með stefnu útg. 16. maí s. l. gegn bæjarstjórn Ísafjarðar f. h. Ísafjarðarkaupstaðar til greiðslu á endurgjaldi fyrir eignarnúmið land.

Tildrög máls þessa eru þau, að sumarið 1934 var af hálfu Ísafjarðarkaupstaðar tekin eignarnámi spilda úr túni Bjarna Bjarnasonar á Ísafirði vegna götugerðar. Var Ísafjarðarkaupstað með matsgerð tveggja dómkvaddra manna gert að greiða Bjarna Bjarnasyni kr. 820,00 í endurgjald fyrir hina eignarnumdu spildu, eftir því sem upplýst er í málinu.

Mati þessu vildi stefnda ekki hlíta og krafðist yfirmats. Voru 3. september 1934 dómkvaddir 3 menn, þeir

Árni J. Árnason, Guðmundur Guðmundsson og Guðmundur Jónsson frá Mosdal, til að framkvæma yfirmatið. Nokkru síðar krafðist Bjarni Bjarnason þess, að Guðmundur Jónsson frá Mosdal yrði leystur frá starfanum sem yfirmatsmaður og annar maður dómkvaddur í hans stað, þar eð hann taldi, að Guðmundur uppfyllti ekki skilyrði 6. gr. sbr. 2. gr. laga nr. 61 frá 1917, þar sem hann væri kennari í þjónustu Ísafjarðarkaupstaðar. Lét Bjarni Bjarnason 26. október 1934 birta bæjarstjórninni stefnu út af þessari kröfu sinni, en kröfunni var vísað frá dómi, þar eð því var haldið fram af hálfu bæjarstjórnarinnar, að yfirmatið væri þegar framkvæmt og hið gagnstæða eigi upplýst af Bjarna Bjarnasyni.

Í málinu er það ennfremur upplýst, að fyrrnefndir yfirmatsmenn héldu 3 fundi dagana 16., 18. og 21. október 1934 og unnu þá allir saman að undirbúningi matsins. Á fundinum 21. okt. skýrði Bjarni Bjarnason matsmönnum frá því, að hann teldi Guðmund Jónsson eigi rétt skipaðan í nefndina og að hann ætlaði að fá matsnefndinni breytt. Hinn 28. okt. koma þeir Guðmundur Guðmundsson og Guðmundur Jónsson saman á fund til þess að halda áfram yfirmatsstörfum. Geta þeir þess í bókun sinni, að Árni J. Árnason sé ekki mættur á fundinum þrátt fyrir itrekaðar boðanir, og að hann hafi, er hann var síðast boðaður, látið þess getið, að hann mundi ekki koma á fundinn. Töldu þá þeir tveir yfirmatsmenn, er á fundinum voru, óþarft og tilgangslaust að hefta störf sín, þó Árni J. Árnason væri ekki mættur, gengu til matsgerðar og ákváðu bæturnar til Bjarna Bjarnasonar fyrir hið eignarnumda land kr. 576.00. Með bréfi dags. 30. október tilkynnir bæjarstjórinn á Ísafirði Bjarna Bjarnasyni þetta og lætur þess þá jafnframt getið, að Árni J. Árnason hafi ekki mætt á síðustu „fundum“ yfirmatsnefndarinnar og eigi undirritað matsgjörðina.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að mat þeirra Guðmundar Guðmundssonar og Guðmundar Jónssonar sé gersamlega ólöglegt og ógilt. Byggir hann þessa fullyrðingu sína í fyrsta lagi á því, að matið hafi aðeins verið framkvæmt af tveimur mönnum, þar sem 6. gr. laga nr. 61 frá 1917 mæli fortakslaust svo fyrir, að yfirmat skuli framkvæmt af þremur mönnum óvilhóllum. Í öðru lagi

heldur stefnandi því fram, að sem barnakennari sé Guðmundur Jónsson frá Mosdal í þjónustu bæjarfélagsins og því óhæfur til yfirmatsins og ranglega til þess kvaddur skv. 6. gr. sbr. 2. gr. laga nr. 61 frá 1917, og sé yfiirmatið frá 28. okt. einnig ógilt af þeirri ástæðu.

Skv. þessu telur stefnandi, að undirmatsgerðin sé enn í gildi og gerir þær réttarkröfur, að hin stefnda bæjarstjórn verði f. h. Ísafjarðarkaupstaðar dæmd til að greiða sér skv. undirmatsgerðinni kr. 820.00 ásamt 5% ársvöxtum frá 1. september 1934 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu, er samkvæmt reikningi nemur kr. 234.50.

Af hálfu stefndu er því hinsvegar haldið fram, að sem barnakennari sé Guðmundur Jónsson frá Mosdal starfsmaður ríkisins og skipaður af því, en Ísafjarðarkaupstað algerlega óháður. Uppfylli hann því að öllu leyti þau skilyrði, er sett séu fyrir lögmæti matsmanns í lögum nr. 61 frá 1917.

Þá er því haldið fram af hálfu stefndu, að alveg eins megi segja, að umrætt mat sé framkvæmt af þremur eins og af tveimur. Á þrem fyrstu fundunum, er yfirmatsmennirnir voru allir mættir, hafi skyldur matsnefndarinnar um framlagningu forsendna frá báðum aðiljum verið fyllilega uppfylltar og matsmönnum gefið kostur á að ræða málið sín á milli með fullkomnar forsendur fyrir framan sig. Síðan hafi meiri hluti matsmanna metið hið umdeilda í fullu samkomulagi, er þriðji maðurinn hafi í bága við borgaralega skyldu eigi mætt á fundi, og hafi það mat meiri hlutans fullt gildi.

Gerir stefnda á þessum grundvelli þær réttarkröfur, að hún verði algjörlega sýknuð af kröfum stefnanda, stefnandi verði dæmdur til að greiða allan málskostnað, Árni J. Árnason látinn sæta ábyrgð fyrir brot sitt á borgaralegri skyldu og stefnandi vittur fyrir ósæmileg ummæli um bæjarstjórn Ísafjarðar.

Um þá varnarástæðu stefndu, að segja megi af fyrrgreindum ástæðum, að umrætt yfirmat hafi verið framkvæmt af þremur yfirmatsmönnum, svo að fullnægjandi sé samkvæmt ákvæðum laga nr. 61 frá 1917. Að áliti réttarins ber að skilja 1. mgr. 6. gr. þeirra laga þannig, að hinir þrir dómkvöddu menn verði í öllu verulegu að starfa saman að öllu matinu og ganga frá og undirrita

hina endanlegu matsgerð í sameiningu, til þess að um gilt og lögfullt yfirmat sé að ræða. Á þessu hefir orðið svo verulegur misbrestur við umrætt yfirmat, að á þeim fundi eða fundum, þar sem matsgerðin er samin, samþykkt og undirrituð, hafa aðeins verið tveir yfirmatsmannanna, en sá þriðji eigi verið við og engan þátt átt í þessu starfi yfirmatsmannanna og eigi heldur undirritað matsgerð á neinn hátt síðar, svo kunnugt sé. Verður þegar af þessum sökum að fallast á þá skoðun stefnanda, að matsgerðin frá 28. okt. 1934 sé frá upphafi ógild, og skiptir þá engu um úrslit þessa máls, hvernig líta beri á matshæfi Guðmundar Jónssonar frá Mosdal.

Skv. þessu, og þar sem eigi hafa verið færðar fram af hálfu stefndu fleiri varnir en um hefir verið rætt, ber að taka til greina kröfu stefnanda um greiðslu kr. 820.00 skv. undirmatsgerð.

Kröfum stefnanda um vexti og málskostnað hefir eigi verið mótmælt sérstaklega og ber því samkvæmt þessum úrslitum að taka þær til greina.

Um kröfu stefndu um, að Árni J. Árnason verði látinn sæta ábyrgð fyrir brot á borgaralegri skyldu, er rétturinn ekki bær að dæma og vísast henni því frá dómi.

Krafa stefndu um, að stefnandi verði vittur fyrir ósæmileg ummæli, verður eigi tekin til greina, þar eð ummælin eru ekki tilgreind, en engin þau ummæli hafa verið viðhöfð í málinu, er ástæða þykir til að víta ex officio.

Að dómur í málinu hefir eigi verið kveðinn upp fyrr en nú, stafar af embættisönnum dómarans.